

SAMNINGUR

um aðild að ARK-kerfi Greiðsluveitunnar ehf.

1. gr.

Aðilar.

Greiðsluveitan ehf., kt. 680800-3240, hér eftir einnig nefnd félagið, og [X, heimilisfang, kt. X], hér eftir nefndur aðili, gera með sér eftirfarandi samning um aðild að ARK-kerfi Greiðsluveitunnar, hér eftir nefnt ARK kerfið.

Einnig er vísað til framangreindra sem samningsaðila eða aðila og skal hvor um sig teljast samningsaðili eða aðili. Tilvísun til samningsaðila skal jafnframt teljast vera tilvísun til löglegra framsalshafa samkvæmt ákvæðum samnings þessa.

2. gr.

Réttarheimildir.

Félagið starfrækir ARK kerfið í samræmi við reglur um ARK-kerfi Greiðsluveitunnar ehf. frá xx. mánuður 2020.

Með undirritun samnings þessa er staðfest að XX er aðili að ARK-kerfinu. Með undirritun sinni skuldbinda samningsaðilar sig til að fara í öllu eftir ákvæðum þeirra reglna skv. 1. mgr. þessarar greinar.

Ef ákvæði samningsins reynast vera í ósamræmi við ákvæði framangreindra reglna, skal við túlkun samningsins gæta þess að ákvæði þeirra gangi framur ákvæðum samningsins.

3. gr.

Framsal réttinda.

Aðila að ARK-kerfinu er með öllu óheimilt að framselja eða yfirfæra réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum til þriðja aðila án skriflegs samþykkis félagsins. Ef slíkt samþykki fæst fer framsalið fram með þeim hætti sem félagið ákveður. Með yfirfærslu er einnig átt við hvers kyns samruna, sameiningu eða skiptingu félags, hvort sem það er að eigin frumkvæði eða samkvæmt ákvörðun stjórnvalda.

4. gr.

Breyting og endurskoðun.

X er bundinn af reglum um ARK-kerfi Greiðsluveitunnar ehf. Verði gerðar breytingar á reglunum á samningstíma ber að tilkynna þátttakanda um þær með minnst tveggja vikna fyrirvara. Ef breyting verður á gjaldskrá skal það tilkynnt þátttakanda með minnst mánaðar fyrirvara.

Hver samningsaðili getur hvenær sem er á gildistíma samnings þessa óskað eftir viðræðum um endurskoðun á einstökum atriðum hans. Verði af hálfu beggja samningsaðila fallist á breytingar skulu þær gerðar skriflega sem viðauki við samninginn.

5. gr.

Ágreiningur.

Um samning þennan gilda íslensk lög. Rísi ágreiningur út af honum skal reka málið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt lögum, nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

6. gr.

Gildistaka og uppsögn.

Samningur þessi öðlast gildi xxx sss 2020 og er ótímabundinn. Samningsaðilar geta sagt honum upp með 36 mánaða fyrirvara.

Samningur þessi er undirritaður í tveimur samhljóða einstökum og fær hvor samningsaðili eitt eintak. Hvort eintak fyrir sig telst vera fullgilt frumrit samningsins.

Greiðsluveitan ehf.

Reykjavík,

Vigdís Ósk Helgadóttir

X hf.

Reykjavík,

xcvz xcv - son/dóttir